


Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

Hafnar- og athafnasvæði á Siglufirði


Kvarði 1:10.000 í A2

Teiknað: LF


Dags. 03.01.2024, uppf. 17.04.2024



Gildandi Aðalskipulag Fjallabyggðar 2020-2032, staðfest 20.05.2022.



Breytt skipulag



Skýringar

- Þéttbýlismörk
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Athafnasvæði (A)
- Flugvellir (F)
- Frístundabyggð (F)
- Hafnir (H)
- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Íbúðarsvæði
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Landbúnaðarsvæði (L)
- Miðsvæði (M)
- Opin svæði (OP)
- Öbyggð svæði (ÖB)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Skógræktar- og landgræðusvæði (SL)
- Strandsvæði (ST)
- Verslun og þjónusta (VÞ)
- Vötn, ár og sjór

- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Stofnbraut
- Tengibraut
- Göngustigur / gönguleið
- Reiðleið
- Rafmagn (núverandi)
- Ljósleiðari (núverandi)
- Hitaheiti (núverandi)
- Vatnsveita (núverandi)
- Simi (núverandi)
- Fráveita (núverandi)
- Yfirfall (núverandi)
- Fornleifar (MV)
- Snjóflóðahættumat
- Hættusvæði C
- Hættusvæði B
- Hættusvæði A
- Óupptækt gögn eftir uppsöfnun garða og vamaríkjia.
- Vatnsvernd, strandsvæða (VS)
- Hverfisvernd (HV)

Greinargerð

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032 verði breytt í samræmi við deiliskipulag hafnarsvæðis á Siglufirði sem er í vinnslu. Samhliða er stofnbraut breytt niður að hafnarsvæði í samræmi við vegaskrá Vegagerðarinnar.

Í stefnu Fjallabyggðahafna 2022-2030 er lögð áhersla á að Siglufjarðarhöfn verði leiðandi í þjónustu við stærri skip í sjávarútvegi, ferðaþjónustu, vörfutningum og öryggismálum.

Breytingar á uppdrætti:

- Legja stofnbrautar færst.
- Skilgreindar eru gönguleiðir meðfram hafnarsvæðum 219 og 229.
- Breytingin nær til eftirfarandi landnotkunarleita:
- Afmörkun athafnasvæðis á suðurhluta Eyrarinnar (218 AT) breytist.
- Afmörkun hafnarsvæðis (220 H) breytist og deilist niður í þrjú hafnarsvæði. 220 H Óskarsbryggja, 229 H verður nýr viðlegukantur og 219 H nær til Ingvarsbryggju, Togarabryggju og Hafnarbryggju.
- Nýr reitur fyrir miðsvæði(225 M) verður til aðliggjandi núverandi miðsvæði sem stækkar lítillaga (214 M).
- Skilgreining efnislosunarsvæðis (234 E) er felld út og grein gerð fyrir umfangi fyrirhugaðrar landfyllingar á hverjum landnotkunarreit.
- Þrjú hverfisverndarsvæði eru skilgreind, 424, 425 og 426 HV.

Landnotkunartafla fyrir:

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
214 M	7,4	Hluti Eyrarinnar: Gránugata, Aðalgata, Eyrargata, Norðurgata, Grundargata, Lækjargata, Suðurgata og Túngata að þormóðsgötu.	Eyrin er elsti bæjarhlutinn og einkennist af samsíða gatnasetti byggðu á skipulagi sr. Bjarna Þorsteinssonar frá 1918. Hús eru ýmskonar. Allt frá litlum timburhúsum alþýðufólks til fjögurra hæða steinsteypklassikur. Flest eru byggð á síldararum eða frá 1887 til 1960. Húsin standa almennt þétt við gangstettar og afmarka göturýmið. Lausar lóðir inn á milli.	Margar eyður eru í byggðinni sem gefa kost á umtalsverðri þéttingu byggðar. Mikilvægt er að við þá uppbyggingu verði gætt að meginleiknum bæjarmyndarinnar, þ.e. að byggingar standi við götu, snúi framhlið að götu og myndi garðrymi að húsabaki. Ekki verði höfð bílastæði milli gatna og húsa og forðast skal sérstök eða stór bílastæðasvæði innan lóða. Á endurbýggingarreitum á því ekki að setja aðkomuleiðir inn í miðja byggðareiti þannig að húsin snúi bakhlíð að almennaryrmum/götum. Sjá einnig ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
218 AT	2,6	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmskonar athafnastarfsemi, s.s. frystihús, gamall slippur og verslun.	
219 AT	0,9	Austurhluti Eyrarinnar	Athafnastarfsemi. Deiliskipulag í gildi.	
220 H	4,7	Austur- og suðurhluti Eyrarinnar	Ingvarsbryggja, er viðlegubryggja fyrir viðgerðarþjónustu stærri skipa. Óskarsbryggja, Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunar- og útskipunarhafnir. Deiliskipulag í gildi. 1,5 ha af reitnum er landfylling (234 E). Efni úr fyrirhuguðum jarðgöngum er ætlað í fyllinguna.	
234 E	1,5	Austurhluti þormóðseyrar, Siglufjörður	Landfylling fyrir athafna- og hafnarstarfsemi.	Ætlað magn 100.000 m³ efnislosun/landfylling.

Landnotkunartafla eftir:

Merking	Stærð (ha)	Heiti svæðis	Lýsing/staða/núv. notkun	Skipulagsákvæði
214 M	7,6	Hluti Eyrarinnar: Gránugata, Aðalgata, Eyrargata, Norðurgata, Grundargata, Lækjargata, Suðurgata og Túngata að þormóðsgötu.	Eyrin er elsti bæjarhlutinn og einkennist af samsíða gatnasetti byggðu á skipulagi sr. Bjarna Þorsteinssonar frá 1918. Hús eru ýmskonar. Allt frá litlum timburhúsum alþýðufólks til fjögurra hæða steinsteypklassikur. Flest eru byggð á síldararum eða frá 1887 til 1960. Húsin standa almennt þétt við gangstettar og afmarka göturýmið. Lausar lóðir inn á milli.	Margar eyður eru í byggðinni sem gefa kost á umtalsverðri þéttingu byggðar. Mikilvægt er að við þá uppbyggingu verði gætt að meginleiknum bæjarmyndarinnar, þ.e. að byggingar standi við götu, snúi framhlið að götu og myndi garðrymi að húsabaki. Ekki verði höfð bílastæði milli gatna og húsa og forðast skal sérstök eða stór bílastæðasvæði innan lóða. Á endurbýggingarreitum á því ekki að setja aðkomuleiðir inn í miðja byggðareiti þannig að húsin snúi bakhlíð að almennaryrmum/götum. Sjá einnig ákvæði um núverandi byggð í kafla 3.2.2.
225 M	0,2	Austan Aðalgötu	Deiliskipulag í vinnslu	
218 AT	3,0	Suðurhluti Eyrarinnar	Ýmskonar athafnastarfsemi, s.s. frystihús, gamall slippur (safn) og verslunarlag. Deiliskipulag í gildi.	Auk hefðbundinnar athafnastarfsemi er heimilt að starfrækja verslun og safn. 0,31 ha lands er fyrirhuguð landfylling.
219 H	1,2	Suðurhluti Eyrarinnar	Ingvarsbryggja, er viðlegubryggja fyrir viðgerðarþjónustu stærri skipa. Togarabryggja og Hafnarbryggja eru löndunar- og útskipunarhafnir. Deiliskipulag í gildi.	
220 H	2,0	Óskarsbryggja norðurhluti	Óskarsbryggja er heimahöfn landhelgisgæslunnar. Höfnin er í tengslum við athafnasvæði á norðurhluta Eyrarinnar. Deiliskipulag í gildi. 0,4 ha af reitnum er landfylling (234 E).	0,34 ha lands er fyrirhuguð landfylling.
229 H	0,6	Norðan Ingvarsbryggju	Deiliskipulag í vinnslu.	Um 220 m langur viðlegukantur. Svæðið skal útbúið til að taka á móti skemmtiferðaskipum. 0,52 ha lands er fyrirhuguð landfylling.
424 HV	0,2	Gránugata 19, 23 og 25	Einflyt timburhús í norrænum stíl með rispaki og kvistum. Verubóðir sem breytt hefur verið í menningarstarfsemi.	Vernda skal húsheild og menningarsögu.
425 HV	0,2	Gránugata 15	Reisulegt steinsteyp verkmiðjuhús í nútímalegum anda. Úttil húss hefur verið breytt frá upprunalegri mynd.	Vernda skal yfirbragð húss og menningarsögu.
426 HV	0,2	Tjarnargata 2	Slippurinn er merk heimild um lónaðarhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar. Húsið er bárujármsklætt timburhús og er lítið breytt. Það hefur mikið varðveislugildi vegna menningarsögu og umhverfis.	Vernda skal yfirbragð húss og menningarsögu.

Umhverfismatsskýrsla

Í deiliskipulagi hafnarinnar á Siglufirði er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Áfrít þeirrar skýrslu má lesa hér:

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfismatsskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skýrslu þessari er ætlað að leggja mat á áhrif skipulagsáætlunar og starfsemi sem henni fylgir á valda umhverfisþætti.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif sbr. töluðíð 13.02 og 10.09 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Það á við breytingar eða viðbætur á viðskiptahöfnum, skipgengum vatnaleiðum og innhafnir og viðlegubryggjur til lestunar og löndunar utan hafna (aðrar en ferjulægi) fyrir skip stærri en 1.350 tonn. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út skal framkvæmdin tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem tekur afstöðu til þess hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér verður greint, lýst og metið með tilliti til áætlunarinnar, bein og óbein áhrif á eftirfarandi þætti:

- Íbúa og heilbrigði manna
- Líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar
- Land, landslag, viðerni, jarðmyndanir, jarðveg, vatn, loft og loftslag
- Efnisleg verðmæti og menningarmínjar
- Næmi áætlunar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum
- Samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a–e-lið

Valdir hafa verið eftirfarandi umhverfisþættir til umfjöllunar og mat lagt á áhrif skipulagsins á þá. Áhrifaaldarnir geta verið einstaka framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í skipulaginu. Sýni matið fram á verulega neikvæð áhrif af vissum áhrifavaldi er vert að skoða hvort endurskoða eigi skipulagið.

Áhrif eru metin sem:

Jákvæð	+
Neikvæð	-
Óveruleg	0
Óljós	?

Áhrifamat

		Umhverfisþættir							
Áhrifaáhrif		Loftgæði	Vatnsgæði sjávar	Gróður og dýralíf	Heilsa og öryggi	Efnahagur og atvinnulíf	Félagslegt umhverfi	Bygðamynstur	Menningarmínjar
	Athafnalóðir	0	0	0	0	+	0	+	0
	Hafnir	-	-	-	-	+	0	0	0
	Verslun og þjónusta	0	0	0	0	+	+	+	0
	Landfylling	0	0	0	0	+	+	+	0

Athafnalóðir

Stefna um athafnalóðir er talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf þar sem stutt er við frekari uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í sveitarfélaginu. Auk þess mun bætt hafnaraðstaða styðja uppbyggingu á nýjum athafnalóðum.

Fyrirhugaðar byggingar við bryggju-A eru smágerðar og munu breyta ásynd hafnarinnar. Þær munu setja nærumhverfi bryggjunnar í mannlegri skala en nú einkennist svæðið af stórgerðum byggingum. Áhrif stefnunnar eru því talin vera jákvæð á byggðamynstur.

Hafnir

Stefnt er að auknu viðlegurými fyrir stærri skip. Óskarsbryggja lengist og verður í heild um 270 m. Bryggja-A er nýr viðlegukantur á milli Hafnarbryggju og Óskarsbryggju og verður um 220 m langur.

Með móttöku stórra skipa, þ.á.m. skemmtiferðaskipa, má búast við aukinni loftmengun með útblæstri og jafnvel mengun sjávar. Þar með eru áhrif á loftgæði, vatnsgæði sjávar, gróður og dýralíf sjávar og heilsu og öryggi talin verða neikvæð.

- Áhrif á loftgæði verða meiri í logni en ef þegar blæs. Yfirleitt blæs af hafi á daginn, svokölluð havgöla, til suðurs inn fjörðinn.
- Erlitt er að meta hver áhrif á vatnsgæði sjávar, gróður og dýralíf gæti orðið. Í gildi er reglugerð sem byggir á alþjóðasamningum um kjölfestuvatn nr. 515/2010 sem segir að losun kjölfestuvatns sé óheimil innan mengunarlögsögu Íslands. Framandi lífverur ættu því ekki að berast e.t.v. vegna leka. Áhrif á ofangreinda þætti gæti því orðið vegna leka einhvers konar mengunavalda eða botnsróts.

Mögulega má gera kröfu á þau skip sem áhuga hafa á að koma til Siglufjarðar um einhvers konar umhverfisvottun sem mótvægisáðgerð. Fjallabyggð stefnir einnig að því að landtengja hafnir sínar en til þess þarf að styrkja dreifikerfi raforku til sveitarfélagsins.

Auknir möguleikar sveitarfélagsins til móttöku skipa munu skila auknum hafnargjöldum og tækifærum í ferðaþjónustu. Áhrif á efnahag og atvinnulíf eru því talin jákvæð.

Verslun og þjónusta

Aðalgata er helsta verslunargatan á Siglufirði og er ætlinin að styrkja hana með framlengingu húsaðarinnar niður á Óskarsbryggju. Mun sá hluti götunnar verða göngugata með verslunar- og þjónustubyggingum. Einnig er gert ráð fyrir þjónustubyggingu fyrir móttöku gesta skemmtiferðaskipa. Þessi stefna er talin munu hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf, félagslegt umhverfi og byggðamynstur.

Landfylling

Fyrirhuguð uppbygging byggir að miklu leyti á landfyllingu. Landfyllingin er um 1,45 ha og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Neikvæð áhrif á vatnsgæði, gróður og dýralíf sjávar mun líklega gæta á framkvæmdartíma að einhverju leyti. Að framkvæmdum loknum er talið að áhrif á efnahag og atvinnulíf, félagslegt umhverfi og byggðamynstur verði jákvæð þar sem ekki verði hægt að framfylgja fyrrgreindri uppbyggingu nema komi til landfyllingar.

Valkostir

Áðrir raunhæfir valkostir væru a) Núllkostur, engar breytingar og b) önnur lögum hafnarsvæðis.

- Með núllkosti yrði engin framþrún. Áfram væri hægt að taka á móti skemmtiferðaskipum en þau hafa lagt í miðjum firðinum og fólk ferjað á gúmmibátum í land. Minni skip hafa lagt við Óskarsbryggju sem er við ófrágengið athafnasvæði og umhverfið því ekki aðlaðandi fyrir gesti. Færri skip myndu koma til Siglufjarðar en stefnt er að og þar með minni loftmengun. En ekki verður mögulegt að landtengja stærri skip því þau ná ekki að leggja við höfn.
- Lagt er til að ný bryggja verði í stefnunni N-S, hún er lítt varin fyrir öldugangi en sjóvarnargarðurinn Öldubjótur er töluvert norðar og ver Óskarsbryggju. Lítið er svo á að um sumarbryggju er að ræða og eru stór skip líklegri til að taka á sig vind frekar en öldu. Norður-suður stefnan er því hentug gagnvart ríkjandi vindáttum í firðinum. Önnur lega hafnar er því talin óhentug.

Niðurstöður

Siglufjörður er sjávarþorp og hefur höfnin og sjávarútvegur verið meginstoð atvinnulífs í gegnum árin. Þegar lítið er fram á við er ljóst að styrkja þarf fleiri stoðir atvinnulífsins. Framreiknuð íbúðaspá í gildandi aðalskipulagi gerir ráð fyrir 0,3% fólksfækkun í sveitarfélaginu en 1% íbúafjölgun á landsvisu (m.v. tölur frá 2019). Með framfylgd skipulagsins gefast ný tækifæri til uppbyggingar á grundvelli sjávarútvegs, ferðaþjónustu og tengdra greina.

Áhrif áætlunarinnar á valda umhverfisþætti eru almennt jákvæð en neikvæð áhrif verða vegna tíðari komur skemmtiferðaskipa muni hafa á loftslag og þar með heilsu fólks, vatnsgæði, gróður og dýralíf sjávar. Vert er að rannsaka ítarlega hvernig áhrifa megí gæta af skipum sem þessum en ekki er talið að með framfylgd áætlunarinnar verði hætt á stórslysi eða náttúruhamförum.

Ítarlegi umfjöllun um mat á áhrifum og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna stórskipahafnar verður gerð vegna tilkynningar hafnarframkvæmda til Skipulagsstofnunar.

Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 30/8. 2024

Staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3/12. 2024

Staðfesting